

Mál nr. 70/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns A

Bótakrafa ökumanns sem segist hafa ekið aftan á bifreið þ. 24.11.2008

Gögn.

1. Málskot mótt ekið þ. 21.2.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-13
2. Bréf V dags. 14.3.2011

Málsatvik.

M segist hafa ekið bifreiðinni A í átt að Fjölbautaskóla Suðurlands í mikilli hálfu. M segir að jeppabifreið sem var fyrir framan A hafi bremsað skyndilega. M segist líka hafa reynt að bremsa en misst stjórn á A og runnið aftan á krók á jeppabifreiðinni. M segist hafa haft samband við ökumann jeppabifreiðarinnar en hann hafi ekki séð ástæðu til að tilkynna um atvikið. M segist hafa fengið verki sama dag og leitað til læknis vegna þess og segir í sjúkragögnum að M hafi verulega skerta hreyfigetu m.a. í hálsi og sé aum í herðum. M gerir kröfu til bóta úr slysátryggingu ökumanns hjá V á grundvelli þeirra meiðsla sem hún hafi orðið fyrir við ofangreindan árekstur við jeppabifreiðina. V hafnar bótaskyldu og bendir á að þrátt fyrir að eftir því hafi verið kallað þá liggi ekki fyrir skráningarnúmer jeppabifreiðarinnar sem M segist hafa ekið á. Þess vegna segir V liggja ekki fyrir nein samtímagögn um árekstur milli tveggja tiltekinna bifreiða þ.e. A og annarrar bifreiðar, ekki liggi fyrir lögregluskýrsla eða tjónstilkynning. Þá segir V að myndir sem lagðar eru fram af M sýni ekki hvenær þær eru teknar, en ráðið verði af gögnum að það hafi verið árið 2010 og ljósmyndirnar sanni því ekki neitt varðandi meintan árekstur í nóvember 2008. V segir ósannað að M hafi lent í árekstri og telur að meta verði gildi ódagsettrar yfirlýsingar stúlku sem segist hafa verið farþegi í A í umrætt sinn og lýsir atburðum með sama hætti og M með hliðsjón af öðrum gögnum málsins. V heldur því fram að ósannað að áreksturinn hafi orðið svo sem M heldur fram.

Álit.

Ekki liggja fyrir nauðsynleg gögn sem sýna fram á að sá atburður hafi gerst eða orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Með hliðsjón af því verður að meta ódagsetta yfirlýsingu stúlku sem segist hafa verið farþegi í A í umrætt sinn. M hefur ekki lagt fram nauðsynleg gögn sem sýna að sá atburður hafi orðið sem hún byggir kröfu sína á. Af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns hjá V

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.